

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Borgarbyggð.

Flatahverfi, Hvanneyri, nýtt deiliskipulag.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Flatahverfi á Hvanneyri. Tillagan er sett fram á uppdrætti dagsettum 16. júní 2017 og felur m.a. í sér deiliskipulag fyrir íbúðasvæði og leikskóla. Alls bárust athugasemdir frá þremur aðilum. Sveitarstjórn Borgarbyggðar hefur farið yfir innsendar athugasemdir, svarað þeim og tekið tillit til þeirra. Sveitarstjórn samþykkti breytingu á tillögu, tvær lóðir voru felldar niður vegna lagnaleiða og svæðið skilgreint sem almennings- og útivistarsvæði.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Borgarnesi, 23. mars 2018.

Gunnlaugur A. Júlíusson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 12. apríl 2018